

Fagráð í hrossarækt

60. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg mánudagur 17. desember 2012 kl. 10:00.

Mættir: Kristinn Guðnason (formaður), Guðlaugur V. Antonsson (ritari), Vignir Siggeirsson, Sigrún Ólafsdóttir, Víkingur Gunnarsson, Sigurbjartur Pálsson, Ísleifur Jónasson og Gísli Gíslason.

Dagskrá

1. Fundarsetning og lögð fram fundargerð nr. 59 frá 15. október 2012 til samþykktar og undirritunar
2. Lágmrök afkvæmahrossa - afgreiðsla
3. Stofnverndarsjóður
 - Styrkir síðasta árs
 - Staða sjóðsins
 - Umsóknir
 - Afgreiðsla umsókna
4. Nefndarfundir og opinn ræktendafundur FEIF
5. Staða upprunalandsins í alþjóðlegri ræktun íslenskra hrossa og tilkoma gangráðsins (skeiðgensins)
6. Aðalfundur LH
7. Aðalfundur félags hrossabænda
8. Ráðstefnan "Hrossarækt 2012"
9. Haustfundir hrossaræktarsamtaka og sambanda
10. Aðalfundur félags tamningamanna
11. Lágmrök í einstaklingsýningar fjórðungsmóta
12. Sýningargjöld 2013 – síðari umræða
13. Sýningaáætlun fyrir árið 2013
14. Val á hrossum til HM farar
15. Aðalfundur FEIF – tillögur
16. Fundarferð í vetur
17. Áverkar – næstu skref
18. Önnur mál

1. Fundarsetning.

Formaður setti fundinn og lagði fram fundargerð nr. 59 til samþykktar og undirritunar. Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

2. Lágmrök afkvæmahrossa.

Í framhaldi af bókun í síðustu fundargerð hafði Guðlaugur leitað eftir umsögn kynbótafræðinga um breytingar á lágmrökum til afkvæmaverðlauna. Umsögn Ágústs Sigurðssonar hafði verið á þá leið að hann teldi breytinguna eðlilega. Hinsvegar hefur nú komið í ljós að breyta verður útreikningum á kynbótamati í hrossarækt með hliðsjón af uppgötvun "gangráðsins" svokallaða. Breytingin felst í því að hætt verður að taka einkunnina 5,0 fyrir skeið með þegar kynbótamat fyrir skeið er reiknað. Á þessari stundu lítur út fyrir að kynbótamat fyrir skeið alhliðahrossa muni

að jafnaði lækka nokkuð en að sama skapi hækka hjá sumum klárhrossum. Þá mun aðaleinkunn kynbótamats að líkindum lækka til jafnaðar um 2 – 3 stig. Fagráð ákvað því að fresta ákvörðun um breytingar á lágörkum og reglum um afkvæmasýningar til næsta hausts þegar nýtt kynbótamat eftir nýjum aðferðum liggur endanlega fyrir.

3. Stofnverndarsjóður.

Send höfðu verið til fagráðsmanna gögn um stöðu sjóðsins og þær umsóknir sem borist höfðu fyrir árið 2013. Einnig höfðu borist skýrslur um þau verkefni sem styrkt voru á yfirstandandi ári.

Til úthlutunar að þessu sinni voru kr.: 2.100.000,-

Afgreiðsla umsókna varð eftirfarandi:

1. Háskólinn á Hólum – **Þjálfunarlífeðlisfræðirannsóknir á íslenska hestinum við Háskólann á Hólum.** Ábyrgðarmaður Guðrún Stefánsdóttir.
Áður hefur verið greitt til verkefnisins: 3.500.000,-
Sótt er um kr.: 4.000.000. Ákveðið að styrkja verkefnið um kr.: 1.500.000,-
2. Bændasamtök Íslands – **Yfirfærsla kynbótamats í búfjárrækt yfir í nýtt hugbúnaðarumhverfi – DMU.** Ábyrgðarmaður Eiríkur Blöndal.
Sótt er um kr.: 1.500.000,- Ákveðið að hafna umsókninni.
3. Annar Þóra Jónsdóttir – **Kynning íslenska hestsins í löndunum sunnan Alpanna á Balkanskaganum.**
Sótt er um kr.: 150.000,- Ákveðið að hafna umsókninni.
4. Landssamband hestamannafélaga – **Skilgreining á gangtegundum íslenska hestsins fyrir FEIF.** Ábyrgðarmaður Haraldur Þórarinsson.
Sótt er um kr.: 1.000.000,- Ákveðið að hafna umsókninni.
5. Matís, BÍ, Keldur, LbhÍ, FHB, MAST – **Fjölgun erfðamarka í WorldFeng DNA II fyrir stóðhesta.** Ábyrgðarmaður Alexandra M. Klonowski.
Sótt er um kr.: 1.316.000,- Ákveðið að hafna umsókninni.
6. Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Hólum – **Hlutlægt mat á hreyfingum og gangtegundum íslenska hestsins.** Ábyrgðarmenn Ágúst Sigurðsson og Víkingur Gunnarsson.
Sótt er um kr.: 1.000.000,- Ákveðið að styrkja verkefnið um kr.: 600.000,-
7. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum – **Rannsókn á orsökum folaldadauða hjá íslenska hrossastofninum.** Ábyrgðarmaður Eggert Gunnarsson.
Sótt er um kr.: 1.000.000,- Ákveðið að hafna umsókninni.

4. Nefndarfundir og opinn ræktendafundur FEIF.

Guðlaugur, Jón Baldur Lorange, Sigbjörn Björnsson og Kristín Halldórsdóttir höfðu setið nefndarfundir og opinn fund ræktenda á vegum FEIF sem haldnir voru í Malmö í Svíþjóð dagana 26 – 28 október.

Á kynbótanefndarfundinum var m.a. rætt um vanhæfi dómara og sýningahaldara, samræmingu aðstöðu til kynbótasýninga, reglur um beisli og hnakka, ekki síst með tilliti til eftirlits og skráningar, niðurröðun dómara og upplestur einkunna. Farið var yfir hvaða námskeiðum ræktunargeirinn stæði fyrir á næsta ári, heimsmeistaramótið í Berlín, lýsingu gangtegunda, vöntun spattmynda og DNA greininga af stóðhestum, fósturvísaf lutninga og áverka á hrossum. Þá flutti Jón Baldur Lorange skýrslu frá WorldFeng.

Hvað varðar vanhæfi var niðurstaðan að FIZO reglurnar væru skýrar í dag hvað þennan málaflokk varðar. Mikill árangur hefur náðst á árinu í samræmingu á sýningaaðstöðu, þar hafa allar FEIF þjóðirnar verið einhuga um. Næsta skref er að setja saman texta um hverjar teljist bestu aðstæður til sýningahalds. Almennur vilji er fyrir að eftirlit með búnaði og öll framkvæmd á því sviði verði samræmd meira en nú er. Lögð var áhersla á að allar þjóðirnar noti sama form fyrir skráningu á heilbrigði. Áhugi er fyrir því erlendis að komið verði á námskeiðum í vor til að mennta sýningarstjóra í mælingum og heilbrigðisskoðunum. Hvað varðar einstakan beislabúnað var ákveðið að biða niðurstöðu umræðna á Íslandi og taka málið fyrir á ræktunarleiðtogafundi í febrúar.

Ákveðið var að leggja til að eftirfarandi reglur gildi um niðurröðun dómara á sýningum utan Íslands:

- Ekki séu allir dómarafrá sama landi – minnst einn sé frá öðru landi.
- Ekki séu alltaf sömu dómarafrá sama stað.
- Minnst einn mjög reyndur dómari sé í hverri dómnefnd og sé hann formaður dómnefndar.

Fram kom að mjög er mismunandi á hvaða tímamarki við dóma á hæfileikum einkunnir eru lesnar upp. Allt frá því að það sé gert strax þegar þær liggja fyrir í dómi til þess að einkunnir séu ekki upplýstar á meðan á sýningu stendur, hvorki í dómi né á yfirlitssýningu. Samdóma álit var að betra væri að þetta væri meira samræmt, fyrsta skref í þá átt væri að breytingar yrðu allsstaðar tilkynntar á yfirlitssýningum.

Þau námskeið sem ræktunarhluti FEIF stendur fyrir það sem eftir er af árinu og á því næsta eru eftirfarandi:

- Námskeið í unghrossadómum í nóvember í Þýskalandi.
- Námskeið á vormánuðum fyrir unga sýnendur kynbótahrossa, haldið á Skeiðvöllum.
- Námskeið fyrir nýja alþjóðlega kynbótadómara verður haldið á Hólum 8 – 12 apríl, ef næg þátttaka fæst.
- Stefnt er á námskeið fyrir mælingamenn og sýningarstjóra í tengslum við vorsýningar erlendis.

Hvað varðar samsetningu dómnefndar á HM í Berlín varð niðurstaðan að í dómnefndinni skyldu starfa hrossaræktarráðunautur Íslands og tveir reynslumiklir dómarafrá tveimur öðrum löndum, nú hefur verið ákveðið að auk Guðlaugs verði í dómnefndinni Barbara Frische frá Þýskalandi og Rebecka Frey frá Svíþjóð. Sigbjörn Björnsson og Silke Feuchthofen verða sýningarstjórar og varadómarafrá líkt og á síðasta heimsmeistaramóti.

Vinna við lýsingu gangtegunda íslenska hestsins er í gangi að lýsingunni vinnur hópur á vegum LH.

Á síðasta ræktunarfulltrúa fundi FEIF varð niðurstaðan að dómsniðurstöður stóðhesta sem ekki uppfylltu allar kröfur varðandi spatt myndir og DNA greiningar yrðu teknar út úr WorldFeng. Ræktunarnefndin er ekki sammála þessari niðurstöðu, alltaf geti komið upp þau tilvik að ekki sé hægt að uppfylla ýtrustu kröfur. Nokkrar tillögur að lausn voru ræddar:

- Ekki samþykkja hross á HM án þess að öll skilyrði séu uppfyllt.
- Ef ætterni verði sannarlega rakið til Íslands þarf mögulega sérreglur, því þau hross séu án efa hreinræktuð.
- Möguleiki er að fylgja tilskipun EU, þar sem allt er frjálst.

Hvað varðar fósturvísaf lutninga eru reglur margbreytilegar fyrir hin ýmsu lönd og samkvæmt Evrópusambandinu. Inge Kringeland mun taka að sér að afla frekari upplýsinga um reglur, rannsóknir og fleira þessu máli viðvíkjandi. Sagt var frá hvernig áverkaskráningu væri háttað á Íslandi og hvaða upplýsingar væru birtar opinberlega þ.e. listi yfir þá knapa sem stæðu sig hvað best.

Rætt var hvort ástæða væri til að breyta reglum á þann hátt að dómur fyrir fegurð í reið og vilja/geðslag ætti að vera opin til lækkunar á yfirlitssýningum til að sporna við grófri reiðmennsku. Skoðanir voru skiptar um þetta atriði og engin niðurstaða bókuð.

Allir voru sammála um að bragarbót þyrfti að gera á vinnureglum á þann hátt að dómur félli undantekningarlaust niður mæti knapi ekki til áverkaskoðunar eftir sýningu. Þá var samstaða um að í vinnureglur ætti að koma að eldri sköpulagsdómur sé alltaf hafður við hendina við endurdóm.

Fram kom að sérstakur ræktunarbás/sýningarbás verði á HM þar verði m.a. myndir af hæstdæmdu kynbótahrossum hvers lands og mögulega ýmsar aðrar upplýsingar um hrossarækt í viðkomandi landi.

Opinn fundur á vegum FEIF fyrir ræktendur var haldinn samhliða nefndarfundinum. Alls voru þátttakendur þrjátíu talsins bæði dómara og ræktendur. Á fundinum var almenn málstofa en einnig unnið í umræðuhópum.

Í almennum umræðum var m.a. rætt um tengsl áverka í munni við notkun ákveðinna beislisméla og nauðsyn á samræmdum reglum og vinnubrögðum við skráningu áverka.

Ákveðnar spurningar voru lagðar fyrir umræðuhópana sem snéru m.a. að skipulagningu kynbótasýninga, kostnaði ræktenda, tillögum að reglum, upplýsingaflæði, dýravelferð, samskiptum dómara, knapa og ræktenda, sportniðurstöðum í WorldFeng og ræktun almennt.

Svör hópanna voru af margvíslegum toga og ýmislegt áhugavert kom fram m.a. að nauðsynlegt væri að mennta betur og samræma mælingamenn og þá sem skoða áverka, rætt var hvort breytinga væri þörf á þunga hlífðarbúnaðar sem leyfður er á fótum til að bregðast við hárrí tíðni áverka, talið var að lengd hófa væri meiri áhrifavaldur á áverka en margt annað, upplestur breytinga á einkunnum þyrfti að vera meira samræmdur milli landa, nauðsynlegt væri að ákveðið kerfi væri í gildi hvað varðaði dómara frá Íslandi á sýningum erlendis, meiri samvinna þjóða við skipulagningu sýninga gæti sparað kostnað, ekki sé ástæða til að breyta vægi einstakra eiginleika fyrr en liðin eru 10 – 15 ár frá síðustu breytingu og að leggja bæri meiri áherslu á gæðingakeppnina á öllum viðburðum erlendis.

Í framhaldi af yfirferð Guðlaugs um fundina varð nokkur umræða í fagraði um kynbótadóma og samræmi milli dómara, hvaða reglur giltu og hvernig væri staðið að upprifjun og endurmenntun.

5. Staða upprunallandsins í alþjóðlegri ræktun íslenskra hrossa og tilkoma gangráðsins (skeiðgensins).

Ágúst Sigurðsson og Elsa Albertsdóttir kynbótafræðingar mættu til fundarins undir þessum lið til skrafs og ráðagerða.

Ágúst byrjaði á að fara yfir verkefni sem unnið hafði verið á Hvanneyri um stöðu Íslands í alþjóðlegri ræktun íslenska hestsins. Ágúst hafði fyrir í haust gert grein fyrir helstu niðurstöðum á aðalfundi Félags hrossabænda.

Í verkefninu hafði verið reynt að svara ýmsum spurningum t.d. um hvernig flæði erfðaeftnis væri háttað í dag, hvaða áhrif innflutningsbann á erfðaeftni hefði, sæðingar, fósturvísaf lutninga og útflutning á erfðaeftni.

Íslensk hross á Íslandi eru í dag 1/3 af heildarfjölda íslenskra hrossa í heiminum, hinsvegar eru ásett fölöld hÉrlendis jafn mörg og erlendis. Útflutningur hrossa á fæti hefur dregist saman og er nú um 1/3 af því sem áður var algengt. Ættfeður á bakvið ræktunina eru að mestu þeir sömu í öllum löndunum s.s. Hrafn frá Holtsmúla og Orri frá Þúfu. Mesta frávikid er í Þýskalandi þar sem Kolkuóshrossin með Hörð 591 í fararbroddi eiga enn allnokkur ítök. Þessi niðurstaða þýðir að um beina samkeppni er að ræða í hrossaræktinni.

Rannsóknin sýndi einnig að ættliðabil stóðhesta er styttra á Íslandi þ.e. notaðir eru að meðaltali yngri hestar hér en erlendis en þetta snýst við hvað varðar hryssurnar, þær eru að meðaltali yngri erlendis. Úrvalsstyrkur er hærri á Íslandi þó ljóst sé að hann hafi dalað á móðurhliðinni á síðustu árum. Annaðhvert hross á erlendri grund er undan stóðhesti sem fæddur er á Íslandi.

Niðurstöðurnar sýna einnig að erlendir ræktendur standa betur að vígi þegar til lengri tíma er litið einkum vegna þess að þeir geta flutt jafnt og þétt inn nýtt erfðaeftni frá Íslandi og milli landa en hÉrlendis er einungis um útstreymi að ræða. Þá kom einnig í ljós að framfarir erlendis yrðu enn hraðari gæfist útlendingum kostur á að kaupa tæknitekið erfðaeftni, fósturvísu eða sæði, frá Íslandi.

Ýmsum spurningum er ósvarað t.d. er einhver möguleiki á að flytja inn erfðaeftni til Íslands í framtíðinni. Á þessari stundu þykir heldur ólíklegt að það verði leyft. En ef svo yrði vakna margar nýjar spurningar s.s. hvað með önnur hrossakyn.

Helsta svar Íslendinga við vaxandi samkeppni í ræktuninni er að gera enn betur en gert er í dag. Við þurfum að beita markvissara úrvali sérstaklega á móðurhliðinni, í dag er um 80% hryssa valdið til að verða mæður sem er mjög hátt hlutfall.

Fagraðsmenn eru á því að styrkur íslendinga felist í breiðum hópi mjög sterkra ræktunarmanna sem standa sig vel. Við hefðum í dag jafnbetri ræktendur en víða annarstaðar og fjölbreytni væri allnokkur í áherslum, ekki allsstaðar sami tónninn.

Gangráðurinn – Skeiðgenið.

Ágúst byrjaði á að varpa fram nokkrum spurningum sem hann hafði sjálfur svarað að nokkru.

Þarf að erfðagreina öll hross?

Nei, hægt er að reikna út líkindi á þessum erfðavísi á sambærilegan hátt og hvað varðar litaerfðir.

Þarfa að breyta ræktunartakmarkinu?

Það gæti komið til greina en þarf umtalsverða yfirlegu og umhugsun.

Þurfum við að breyta dómkerfinu?

Gæti verið en þá sennilega smávægilega. Helst væri það þá í sambandi við dóma á skeiði, mögulega er fjórtaktur ekki eins alvarlegur og látið hefur verið.

Eigum við að sýna klárhross sér?

Það er hugsanlegur möguleiki.

Hvað með val í tvo flokka á LM?

Þá þyrfti jafnvel erfðagreiningu og sérreiknaða aðaleinkunn fyrir klárhross.

Er verðmæti í CC hrossum?

Afar hæpið.

Stefnum við að hreinum AA hrossum í dag?

Já til langs tíma litið.

Hvað með kynbótamat?

Ráðlegt er að nota ekki 5,0 við útreikninga á kynbótamati fyrir skeið.

Parf mismunandi vægisstuðla, annarsvegar fyrir dóma og hinsvegar kynbótamat?

Ekki hvað kynbótamat varðar en mögulega við dóma.

Fagráðsmenn höfðu fjölmargar fleiri spurningar að leggja fyrir þau Ágúst og Elsu t.d. eru einhver vafaatriði í framansögðu eða er borðleggjandi hvaða leið á að fara. Ágúst og Elsa töldu mörg vafaatriði í málinu, sérstaklega hvað varðar útfærslu á sýningum og dómum.

Elsa hefur nú keyrt prufu kynbótamat í hinum nýju DMU forritum þar sem 5,0 fyrir skeið er sleppt í útreikningum fyrir skeið. Forrit Þorvaldar Árnasonar sem hingað til hafa verið notuð til keyrslu kynbótamats ráða ekki við þessa breytingu. Niðurstaðan er að hliðrun verður í aðaleinkunn um 2 – 3 stig, í flestum tilfellum til lækkunar. Nokkur hluti klárhrossa hækkar í einkunn við breytinguna. Nýrra endanlegra niðurstaðna er að vænta næsta haust samhliða kynbótamati fyrir keppniseiginleika.

Fagráð samþykkti að æskilegt væri að skoða með líkindareikningi í WorldFeng áætlaða tíðni mismunandi erfðavísa og sjálfsagt væri að breyta útreikningum í kynbótamati til samræmis við uppgötvunina. Að tillögu Ágústs og Elsu bíði frekari ávarðanir í málefnum gangráðsins næsta hausts.

6. Aðalfundur Landssambands hestamannafélaga.

Aðalfundur LH var haldinn í Reykjavík 19. og 20. október. Af fagráðsfólki sátu fundinn Guðlaugur, Kristinn, Sigrún og Vignir. Ekki lágu margar tillögur fyrir þinginu sem snertu kynbótageirann. Samþykkt var tillaga þess efnis að skipa nefnd til að endurskoða rekstrarform Landsmóts hestamanna ehf. í samstarfi við BÍ. Samþykkt var tillaga þar sem mælt er til þess við MAST að skipuð verði nefnd allra hagnunaaðila hestamenskunnar sem skoði öll lög og reglugerðir sem snúa að sóttvörnum í kringum íslenska hestinn. Samþykkt var tillaga um að sannreynt sé að rétt skráður hestur sé í keppni á hverjum tíma með aflestri örmerkis á öllum löglegum mótum. Þá var samþykkt að beina þeim tilmælum til Fagráðs í hrossarækt að við niðurröðun kynbótasýninga sé tekið tillit til að sem styðst sé fyrir sem flesta áætlaða sýnendur á sýningarstað. Ef óskir koma fram um miðsumarssýningar þá verði þeim sinnt eftir föngum.

7. Aðalfundur Félags hrossabænda.

Aðalfundur Félags hrossabænda var haldinn 16. nóvember. Að venju kom þar margt til umræðu, nokkrar tillögur voru samþykktar sem snerta ræktunarstarfið og hafa þær borist til fagráðs.

- 1) Aðalfundur Félags hrossabænda beinir því til stjórnar að skoðaður verði vinnutími kynbótadómara á landsmótum og öðrum kynbótasýningum og leitast verði við að minnka vinnuálag ef reynist óhóflegt. Fagráð er sammála því að vinnuálag megi ekki vera óhóflegt. Hinsvegar eru Guðlaugur og Víkingur ekki á þeirri skoðun að um slíkt sé alla jafna að ræða í dag, þó mögulega hafi slík tilvik komið upp. Samþykkt var að skoða bæri þann möguleika að fleiri dómara kæmu að landsmótum og hefðu þá vaktaskipti við dómstörf.
- 2) Aðalfundur Félags hrossabænda beinir því til stjórnar að kannaður verði sá möguleiki að haldið verði sérstaklega utanum þær tölur í WorldFeng sem

breytast á yfirlitssýningum. Þ.e. að það komi sérstaklega fram á dómblaði hvaða tölur breytast og hvernig.

Fagráð er ekki sammála tillögunni. Ekki verður séð hvaða gildi þessar upplýsingar hafa fyrir hrossaræktarstarfið. Margvíslegar ástæður geta legið fyrir því að hross breyta einkunnum á yfirlitssýningum s.s. illa fyrir kallað í dómi, skeiðsprettur mistekst, veður var slæmt, annar knapi ríður á yfirliti og ýmislegt fleira. Fagráð er því ekki á því að kosta eigi til forritunarvinnu í þessum tilgangi.

- 3) Aðalfundur Félags hrossabænda beinir því til fagráðs að það beiti sér fyrir liprari framkvæmd á því að upplýsingar megi nálgast um byggingardóma um leið og þeim er lokið og áður en lengra er haldið með dóminn.
Fagráð er sammála um að rétt sé að skoða þennan möguleika. Æskileg útfærsla væri að hver sýningarstaður skaffaði hljóðkerfi við sköpulagsdóma. Eftir að dómi er lokið fyrir sköpulag og næsta hross er komið í uppstillingu en það fyrra stött til enda sýningarhallar, lesi dómari upp niðurstöður fyrir hvern eiginleika fyrir sig.
- 4) Aðalfundur Félags hrossabænda beinir þeirri tillögu til stjórnar Félags hrossabænda að hæfileikadómar á landsmótum skuli ætíð framkvæmdir með sama hætti og formi og á vorsýningu/héraðssýningu.
Fagráð er sammála tillögunni að því leiti að þetta sé besta fyrirkomulagið. Enda hafi frávik sem lögð hafi verið til frá þessu fyrirkomulagi miðað að því að spara tíma og stækka sýningargluggann en á sama tíma að halda svipuðum hrossafjölda á landsmótum.
- 5) Aðalfundur Félags hrossabænda beinir þeirri tillögu til stjórnar Félags hrossabænda að samtökin beiti sér fyrir því við Fagráð að þær breytingar sem verða á einkunnum á yfirlitssýningum verði kynntar þegar þær liggja fyrir.
Fagráð samþykkir tillöguna og vill koma þessu fyrirkomulagi á í vor.
- 6) Aðalfundur Félags hrossabænda beinir þeirri tillögu til stjórnar Félags hrossabænda að samtökin beiti sér fyrir því að Fagráð standi vörð um að framkvæmd kynbótasýninga og stöðlun sýningaraðstæðna sé hin sama héraðs og erlendis.
Fagráð er sammála tillögunni en telur jafnframt að mikið hafi áunnist á þessu sviði á síðustu árum þó efalaust megi enn betur gera og alltaf sé þörf á að vera á tánum hvað þessi mál varðar.
- 7) Aðalfundur Félags hrossabænda beinir þeirri tillögu til stjórnar Félags hrossabænda að samtökin beiti sér fyrir því að kynbótahross 6 vetra og eldri haldi sínum byggingardómi úr fullnaðardómi til æviloka ef eigandi óskar þess, þannig að þau þurfi ekki að mæta í byggingardóm þó þau mæti á hverju ári í hæfileikadóm.
Fagráð er ekki sammála tillögunni og telur hana skref afturábak í ræktunarstarfinu. Dómar síðustu ára sýna að hross hækka mun oftari í sköpulagseinkunnum við endurdóm heldur en að þau lækki. Hinsvegar getur t.d. fótagerð, hófar, burður í baki, hálsgerð og fleira breyst það mikið með aldri og álagi að ekki sé stætt á að hross haldi sköpulagsdómi út ævina en geti á móti komið árlega og safnað stigum í hæfileikum eftir því sem þeir slípast og þjálfast.
- 8) Aðalfundur Félags hrossabænda beinir eftirfarandi tillögu til fagráðs:
Þegar gangtegundir kynbótahrossa eru dæmdar séu gæði gangtegundarinnar metin umfram hraða og smávægilega hnökra.

Fagráð er sammála tillögunni.

Þá kom fram að samþykkt hefði verið tillaga þess efnis að stjórn Félags hrossabænda skipaði nefnd sem skoði framkvæmd kynbótasýninga og túlkun dómsskalans með það fyrir augum að lágmarka slysa- og áverkahættu. Stjórnin hefur nú skipað eftirtalda aðila í nefndina: Sigbjörn Björnsson, Vigni Sigurólason, Bjarna Jónasson, Önnu Valdimarsdóttur, Þorvald Árna Þorvaldsson, Sigurð Sigurðarson, Viðar Steinarsson og Svanhildi Hall.

8. Ráðstefnan “Hrossarækt 2012”

Ráðstefnan “Hrossarækt 2012” var haldin 17. nóvember í Hlégarði í Mosfellsbæ. Um 160 manns sóttu ráðstefnuna sem fór vel fram með ágætum umræðum og mjög góðu framsöguerindi fluttu af Guðrúnu Jóhönnu Stefánsdóttur á Hólum. Erindið fjallaði um fyrstu niðurstöður doktorsverkefnis um “Líkamlegt álag á hross í kynbótasýningum”.

9. Haustfundir hrossaræktarsamtaka og sambanda.

Guðlaugur hafði setið haustfundi Hrossaræktarsamtaka Suðurlands, Hrossaræktarsambands Vesturlands og Hrossaræktarsamtaka Eyfirðinga og Þingeyinga. Að venju var á fundunum rætt vítt og breytt um ræktunarstarf og sýningahald í nútíð og framtíð. Engar formlegar tillögur til fagráðs voru samþykktar á fundunum.

10. Aðalfundur félags tamingamanna.

Aðalfundur félags tamingamanna var haldinn föstudaginn 30. nóvember. Sigrún greindi frá því helsta sem þar hafði verið rætt og viðkemur fagráði. Ein ályktun frá fundinum hafði borist fagráði og verður gerð grein fyrir henni hér síðar í fundargerðinni undir lið númer 11.

11. Lágmrök í einstaklingssýningar fjórðungsmóta.

Nú stefnir í að tvö fjórðungsmót verði haldin næsta sumar, annarsvegar á Hornafirði 21 – 23 júní og hinsvegar á Kaldármelum 4 – 7 júlí. Reiknað er með að mótið á Hornafirði nái yfir svæðið frá Eyjafirði í norðri austurum og að Markarfljóti í suðri. Mótið á Kaldármelum nái frá Skagafirði í norðri vesturum og að Hvalfirði í suðri. Lögð voru fram gögn með yfirliti yfir lágmrök síðustu fjórðungsmóta og fjölda hrossa á þeim og svo lágmrök síðasta landsmóts. Ákveðið var að leggja til sömu reglu og tíðkast hefur á síðustu fjórðungsmótum að lágmrök verði 10 stigum lægri en á landsmótum í öllum flokkum og verði því:

Stóðhestar.

7 vetra og eldri	8,25
6 vetra	8,20
5 vetra	8,05
4 vetra	7,90

Hryssur

7 vetra og eldri	8,15
6 vetra	8,10
5 vetra	7,95
4 vetra	7,80

12. Sýningargjöld 2013 – síðari umræða.

Ekki höfðu borist frekari gögn frá búnaðarsamböndum en þau sem lágu fyrir síðasta fundi fagraðs. Ákveðið var því að leggja til að sýningargjöld verði óbreytt á árinu 2013 hvað upphæðir varðar. Líklega munu hlutir Búnaðarsambanda og BÍ renna óskiptir til nýs félags í ráðgjafafþjónustu sem að öllum líkindum mun taka yfir sýningarhaldið í heild sinni.

	Fullur dómur	Sköpulags-/reiðdómur
Búnaðarsambönd	8.900	6.385
Bændasamtök		
- Launahlutur	2.900	2.140
- Rekstur tækja	330	285
- WorldFengur	850	850
- Vsk.	3.310	2.463
Vallaraðstaða (án vsk.)	2.210	1.377
Samtals:	18.500	13.500

13. Sýningaáætlun fyrir árið 2013.

Lögð voru fram drög að sýningaáætlun fyrir árið 2013. Eftir yfirferð og umræður var eftirfarandi áætlun samþykkt:

29.4 – 3.5	Skagafjörður
6.5 – 10.5	Selfoss
13.5 – 17.5	Víðidalur
16.5 – 17.5	Akureyri
21.5 – 24.5	Hvammstangi
21.5 – 24.5	Hafnarfjörður
27.5 – 31.5	Selfoss
27.5 – 31.5	Skagafjörður
27.5 - 28.5	Hornafjörður
29.5 - 31.5	Stekkhólmi
3.6 - 7.6	Melgerðismelar
3.6 - 14.6	Hella
10.6 - 14.6	Miðfossar
21.6 - 23.6	FM Hornafirði
4.7 – 7.7	FM Kaldármelum
22.7 – 26.7	Selfoss
12.8 - 16.8	Miðfossar
12.8 – 16.8	Hvammstangi
12.8 - 23.8	Hella
19.8 - 23.8	Skagafjörður
19.8 - 23.8	Dalvík

14. Val á kynbótahrossum fyrir heimsleika í Berlín.

Rætt var hvernig standa skuli að vali kynbótahrossa sem verði fulltrúar Íslands á heimsleikum í Berlín næsta sumar. Að venju er heimilt að senda tvö hross í hvern aldursflokk 5v. 6v. og 7 vetra og eldri.

Ákveðið var að á sama hátt og áður verði valin stóðhestur og hryssa í hvern flokk.

Efstu hrossum sem koma til dóms á vorsýningum á Íslandi eða erlendis verði boðin þátttökuréttur.

15. Aðalfundur FEIF – tillögur.

Rætt var hvort einhverjar tillögur væru frá fagraði til að leggja fyrir aðalfund FEIF. Þegar hefur verið ákveðið að Guðlaugur flytji erindi um heilbrigðisskoðun á kynbótahrossum.

Ákveðið var að koma á framfæri eftirfarandi tillögum/tilmælum:

- a) Að breytingar á einkunum á yfirlitssýningum verði lesnar upp þegar þær liggja fyrir.
- b) Að hvergi sé hvikað frá stöðlun sýningaraðstöðu á kynbótasýningum erlendis og farið sé eftir FIZO reglunum í hvítvetna.

16. Fundarferð í vetur.

Ákveðið var að stefnt skuli á fundarferð Guðlaugs og Kristins um landið í vetur með líkum hætti og undanfarin ár. Ekki er að fullu ákveðið með ferðafélaga.

17. Áverkar – næstu skref.

Undir þessum lið mætti Óðinn Örn Jóhannsson til fundarins og sagði frá járnningaráðstefnu sem hann hafði sótt í október m.a. lagði Óðinn fram skýrslu með helstu atriðum sem höfðu vakið athygli hans á ráðstefnunni.

- Ekki er æskilegt að breyta fótstöðu afturfóta með því að lækka innri hæl, álag á liði eykst umtalsvert við slíka breytingu.
- Hófalengd sem leyfð er í dag þ.e. 9,0 – 9,5 cm., fyrir hest sem er 140 cm., eða lægri er mjög mikil.
- Spurning er hvort reglur þurfi að setja um leyfðan mun á halla fram- og afturhófa. Mun meiri slyshætta skapast ef mikill munur er þarna á.
- Olnbogaágrip er hægt að laga að einhverju leiti með járnungum. En t.d. í kerrubrokkurum í Svíþjóð er lögð áhersla á að rækta gegn þessum galla.
- Breidd hófveggs á að ráða breidd á skeifna teini.

Rætt var um skýrslu Sigríðar Björnsdóttur varðandi heilbrigði kynbótahrossa í skoðuninni “Klár í keppni” á landsmóti í Reykjavík. Lögð var fram ályktun frá haustfundi Dýralæknafélags Íslands varðandi áverka í munni, sagt var frá niðurstöðu velferðarnefndar LH en nefndin hefur sent ályktun til stjórnar LH varðandi áverka- og málamál og sagt frá ályktun stjórnar Félags tannningamanna varðandi áverkaskoðanir og viðurlög sem birst hafði á vefmiðlum á síðustu dögum.

Niðurstæða Fagraðs er að ekki sé á þessu stigi málsins ástæða til að banna ákveðin beislabúnað í kynbótasýningum. Ekki liggi nógu ljóst fyrir hvaða mál eigi þá að vera undir í þeirri fjölbreyttu flóru sem um gæti verið að ræða. Hinsvegar sé vonduð heilbrigðisskoðun hrossanna fyrir sýningu, þar sem frávísun komi til séu þau með áverka, það sem innleiða þurfi.

Lögð var fram ályktun til Fagraðs í hrossarækt frá aðalfundi Félags tannningamanna: FT fagnar auknum áhuga á velferð kynbótahrossa. Að því sögðu skorar FT á fagrað að endurskoða reglur um járnningar og fótubúnað kynbótahrossa með það að leiðarljósi að verja hrossin betur en nú er gagnvart meiðslum og áverkum. Lagt er til:

1. Að minnka leyfilegan mun á lengd fram- og afturhófa í 1,5 cm.
2. Að hámarksþyngd hóf/legghlífa verði 160 gr.

Fagrað er ekki sammála þessari tillögu. Í fyrsta lagi er mjög lítil hluti sýndra kynbótahrossa með mismun í hófalengd á bilinu 1,6 – 2,0 cm. T.d. var aðeins eitt af

þeim 12 hrossum sem hlaut áverka af stigi 2 á árinu á þessu bili. Þannig að álit fagraðs er að þessi breyting hefði mjög lítil áhrif til að minnka áverka á fótum.

Hvað varðar breytingu á hámarksþyngd á leyfðum fótabúnaði er ljóst að með slíkri breytingu eins og þarna er lögð til verða áhrif á ganglag og fótlyftu langt umfram það sem hægt er að setta sig við á kynbótagripum eigi þeir að sýna raunverulega eðliskosti í dómi. Varar fagrað mjög við að farin sé þessi leið til að stemma stigu við áverkum þ.e. að þeim hrossum sem hafa minni eðliskosti sé fleytt upp að hlið hinna eðlisbetri með utanaðkomandi búnaði. Frekar eigi að mæla með að menn noti þann búnað sem til er í dag og ver hrossin betur en margur sá hlífðarbúnaður sem notast er við. Einnig eigi að stuðla að þróun búnaðar sem ver hrossin betur en er þó innan þeirra þyngdarmarkna sem í gildi eru í dag.

Lögð voru fram drög að yfirliti yfir útlits- og heilbrigðisskoðun á kynbótahrossum sem Víkingur, Guðlaugur og Pétur Halldórsson höfðu unnið, þar sem stuðst var við myndefni af áverkum frá síðasta sumri.

Fagrað var sammála um þessi drög væru góð með smávægilegum breytingum og ættu að vera hluti af mati hvers kynbótagrips. Mikilvægt væri í framhaldinu að safna einnig myndum af munnáverkum og kynna ferlið vel á fundum vetrarins. Í því sambandi sé einnig mikilvægt að fá dýralækna að borðinu með okkur og halda námskeið með sýningarstjórum og dómurum.

18. Önnur mál.

- a) Samkvæmt beiðni á síðasta fundi fagraðs hafði Guðlaugur tekið saman hvernig dreifing einkunna hefði verið á sýningum erlendis á árinu samanborið við dreifingu á sýningum á Íslandi. Fram kemur að dreifing einkunna í sköpulagsdómum er nær undantekningalaust meiri á Íslandi heldur en í öðrum löndum. Hvað varðar hæfileikadóma er dreifing svipuð.
- b) Til fróðleiks hafði Guðlaugur tekið saman hvernig meðaleinkunnir og dreifing einkunna voru á árinu á Íslandi annarsvegar hjá hrossum sem fengu hærra en 5,0 fyrir skeið og hinsvegar með 5,0. Fram kemur að klárhrossin eru talsvert hærri í eiginleikunum, háls/herðar/bógar, tölt, brokk, stökk, vilji/geðslag, fegurð í reið, hægt tölt og hægt stökk. Alhliðahrossin eru aftur talsvert hærri í eiginleikunum, bak/lend og samræmi auk skeiðsins.
- c) Erindi Bjarna Þorkelssonar á aðalfundi Félags hrossabænda 16. nóvember 2012. Bjarni hafði sent erindið í heild sinni til Fagraðs, í erindinu kemur Bjarni víða við í málefnum hrossaréktar og hestamennsku. Mælir hann m.a. með því að ekki verði fallið frá þeirri nýbreytni sem tekin var upp á LM 2012 að efna til sérstakrar kynningar á kynbótahrossum sem ekki voru í verðlaunasætum.

Þá leggur Bjarni til að eigendur hrossa sem hafa farseðil á LM geti valið hvort hrossin gangast undir dóm á mótinu eða ekki. Aðeins þau hross sem í dóm færu, kæmu til álita í verðlaunasæti önnur hlytu veglega kynningu. Síðar á mótinu kæmu öll hross fram að nýju til kynningar, hver flokkur fyrir sig. Þar væru hrossin kynnt í stafrófsröð þar til kæmi að tíu efstu sem verðlaun hlytu. Tillagan fékk við fyrstu umræðu heldur dræmar undirtektir í fagraði. Töldu menn að ef fyrirkomulagið væri á annaðborð á þann veg að hross væru dæmd á LM, þá ættu öll hrossin að gangast undir dóm. Ef hinsvegar væri tekin sú ákvörðun að hross væru aðeins sýnd á LM og dómar stæðu frá vorinu og hrossin röðuðust eftir þeim dómi í verðlaunasæti þá yrðu þar undir öll hross mótsins. Frávik frá því að það sama gildi fyrir öll hross sem á mótið kæmstu höfðu menn efasemdir um að væri rétt leið.

Einnig viðrar Bjarni þá hugmynd að leggja af yfirlitssýningar. Fagrád er ekki sammála þeirri hugmynd. Rökin fyrir yfirlitssýningum hafa ætíð verið að gefa sýnendum meira en einn möguleika á hverri sýningu til að sýna kosti gripsins og það af mörgum ástæðum s.s. slæmu dagsformi, misheppnaðri sýningu á einhverri gangtegund, slæmu veðri og möguleika á samanburði þar sem skreflengd og rými fær betur notið sín en ella. Þá hefur einnig verið horft til þess að yfirlitssýningarnar hafa verið stórtækur aulýsingagluggi hrossa viðkomandi sýningar þ.e., einn dagur þar sem allir gripir koma fram hver á fætur öðrum sem gefur ótvíræðan samanburð milli gripa og er áhorfendavænt atriði. Að lokum má geta þess að síðasta vor var eitt þeirra BS verkefna sem unnin voru á hestafræðibraut Háskólans á Hólum og LbhÍ á Hvanneyri um yfirlitssýningar og gagnsemi eða gagnsleysi þeirra. Niðurstaðan var eindregið yfirlitssýningunum í hag. Þær væru mjög góður vettvangur endurmælinga eiginleikanna og skiluðu hærra arfgengi og aukinni erfðaframbör.

- d) Lögð var fram mynd af hryssu sem hlotið hafði einkunnina 7,0 fyrir fótagerð. Athugasemd á dómblaði var “Hokin” þ.e. hokin fótstaða á framfótum. Ekki er að sjá á myndinni að um áberandi galla sé að ræða.
- e) Ráðgjafafjónusta í landbúnaði. Eins og fram hefur komið stendur nú fyrir dyrum umfangsmikil endurskoðun á ráðgjafafjónustu í landbúnaði á Íslandi. Guðlaugur greindi í stuttu máli frá hvernig staðan væri á þessari stundu og hvert yrði að hans mati framhaldið. Ákveðið var að gott væri að fagrád kæmi saman í febrúar og fengi þá forsvarsaðila hins nýja félags til fundar við fagrád m.a. til að ræða ábyrgð og hlutverk fagráðs og uppbyggingu leiðbeiningastarfsins. Á sama fundi væri ekki úr vegi að velta upp áleitnum spurningum um félagskerfi hestamanna almennt og framtíðarsýn

Fleira ekki tekið fyrir,
Fundi slitið kl.: 19:30

Guðlaugur V. Antonsson
ritari fagráðs í hrossarækt.